Alþingi
Erindi nr. Þ 132/47
komudagur 16.11.2005

Dómarafélag Íslands

132. löggjafarþing 2005-2006
Þskj. 18 – 18. mál.

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Umsögn

Dómarafélagi Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Það hefur lengi verið ljóst að mikið óréttlæti getur verið fólgið ákvörðun þeirrar lágmarks refsingar sem lögbundin er í þessum málaflokkum. Hlýtur stjórn félagsins að mæla eindregið með að frumvarp þetta verði samþykkt.

Selfossi, 14. nóvember 2005
f.h. stjórnar DÍ

Hjördís Hákonardóttir

Til
Efnahags og viðskiptanefndar Alþingis

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/77
komudagur 18.11.2005

Félag löggiltra endurskoðenda

Reykjavík 14. nóv. 2005
Tilv. FLE 21-2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: **Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatts, 18. mál, vanskil á vörslufé.**

Með bréfi dags. 4. nóv. sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar.

Álitsnefnd FLE lýsir sig samþykka efni frumvarpsins.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda

Gunnar Sigurðsson

Suðurlandsbraut 6 · IS-108 Reykjavík · Sími: 568 8118 · Fax: 568 8139 · Tölvupóstfang: fle@fle.is · Heimasíða FLE: www.fle.is

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/25
komudagur 10.11.2005

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

9. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 7. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 18. mál, vanskil á vörslufé. Með frumvarpinu er lagt til að hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu skulu ákvæði um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum, samskonar breyting er einnig lögð til varðandi skil á virðisaukaskatti.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og tekur ekki afstöðu til efnis þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Björg Fenger

Address: Suðurlandsbraut 32 108 Reykjavík • Tel. (354) 525 2700 • Fax (354) 525 2727 • e-mail: fme@fme.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/76
komudagur 18.11.2005

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Alþingi
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. nóvember 2005
Tilv.: FJR05110015/001-9

Ráðuneytið vísar til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember, þar sem ráðuneytinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Frumvarpið er á þingskjali 18 - 18. mál.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Málsliðurinn er svohljóðandi: *„Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum".* Í annarri grein frumvarpsins er efnislega um samsvarandi ákvæði að ræða til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að frumvarpið feli í sér að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem nú eru að lágmarki tvöföld vangoldin skattfjárhæð, eigi ekki við þegar vanskil á vörslufé stafar af greiðsluerfiðleikum gjaldanda, þ.e. þegar gjaldandi hefur skilað réttri skilagrein á réttum tíma, þannig að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots, og vanskil hafi verið gerð upp áður en til ákvörðunar refsingar kemur. Áfram segir í frumvarpinu að í slíkum tilvikum ráði mat dómara þyngd refsingar, sem getur þá verið allt að tíföld, þó að ekkert lögbundið lágmark verði til staðar.

Það er mat ráðuneytisins þegar borin eru saman ákvæði frumvarpsins og athugasemdir í greinargerð að vafi leiki á til hvaða skattalagabrota ákvæðunum er ætlað að ná. Telur ráðuneytið með tillitit til sjónarmiða um skýrleika refsiheimilda sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar að ákvæði frumvarpsins séu tæpast nægilega skýr og kunni ekki að ná tilgangi sínum eins og honum er lýst í athugasemdum með frumvarpinu. Þannig telur ráðuneytið að orðalag ákvæðisins sé töluvert víðtækara en að sé stefnt og muni þar af leiðandi verða beitt í fleiri tilvikum en beinlínis er ætlast til. Telur ráðuneytið að á það skorti að málsliður ákvæðisins verði afmarkaður við brot þegar um vanskil á vörslufé er að ræða sem stafar af greiðsluerfiðleikum gjaldanda sbr. greinargerð frumvarpsins.Það geti ekki verið ætlunin að ákvæðin nái til allra mála þar sem ekki hefur verið staðið skil á vörslufé, líkt og ráða

má af ákvæðunum. Telur ráðuneytið með tilliti til greinargerðar að markmið breytingatillagnanna sé að afnema refsilágmarkið einungis í þeim tilvikum þegar brot einskorðast við vanskil.

Ráðuneytið telur frumvarpið til bóta en telur brýnt ef það er ætlun löggjafans að breyta lagaákvæðum í samræmi við ummæli í greinargerð að það komi skýrt fram í lagatextanum að afnám refislágmarksins einskorðist við vanskil á staðgreiðslu, eða eftir atvikum við vanskil á virðisaukaskatti.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnheiður Snorradóttir

Guðmundur Thorlacius

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/24
komudagur 10.11.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09.11.2005
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 18. mál, vanskil á vörslufé

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, vanskil á vörslufé.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Árnína St. Kr.
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

PARTNER OF NOREX ALLIANCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/50
komudagur 16.11. 2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. 132. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 18—18. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 4. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

_____

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/502
komudagur 6. 12. 2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. desember 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. 131. löggjafarþing 2004–2005. Þskj. 35—35. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 11. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess, enda felur frumvarpið í sér verulega réttarbót.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/472
komudagur 8.12.2005

Refsiréttarnefnd

Reykjavík, 5. desember 2005.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. nóvember sl., þar sem farið er fram á umsögn refsiréttarnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, 18. mál.

Refsiréttarnefnd telur ekki tilefni til að taka afstöðu til þeirra viðhorfa sem fram koma í frumvarpinu um þörf á þeim lagabreytingum sem hér er gerð tillaga um. Það er hins vegar mat refsiréttarnefndar að með markmið frumvarpsins í huga og í ljósi samspils 1. og 2. gr. þess við önnur ákvæði umræddra málsgreina í lögum nr. 45/1987 og lögum nr. 50/1988 megi einfalda nokkuð orðalag frumvarpsgreinanna þannig að það endurspegli með gleggri hætti þá ráðagerð frumvarpsins að lágmarksreglan um tvöfalda fésekt taki einungis mið af þeirri fjárhæð vanskila sem enn er til staðar þegar yfirskattanefnd ákvarðar sekt eða dómur gengur. Skattaðili geti því greitt inn á vanskil að hluta eða að öllu leyti allt þar til sektarákvörðun (eða dómur) liggur fyrir. Refsiréttarnefnd bendir auk þess á að það hefur ekki sjálfstæða þýðingu að taka sérstaklega fram að staðið sé skil á hluta fjárhæðar „réttilega tilgreindrar staðgreiðslu [virðisaukaskatts] samkvæmt skilagrein [virðisaukaskattskýrslu]“, enda er ljóst að vanskil sem refsinæmt brot kemur fyrst og fremst til greina ef skilagreinar og virðisaukaskattskýrslur eru að öðru leyti réttar að efni til og skilað á réttum tíma. Í samræmi við framangreint setur nefndin fram þá ábendingu að gera mætti orðalag ákvæða 1. og 2. gr. skýrara og einfaldara með orðalagi á borð við eftirfarandi sem væri eins í báðum tilvikum:

> Ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar eiga einungis við um þann hluta skattfjárhæðar sem er enn í vanskilum þegar sekt er ákveðin eða dæmd.

f.h. refsiréttarnefndar,

Róbert R. Spanó formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/75
komudagur 18.11.2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 17. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110047
091.1

Alþingi
Efnahags-og viðskiptanefnd,
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Í tilefni þess að sama mál var lagt fyrir 131. löggjafarþingi var efnahags-og viðskiptanefnd send umsögn um frumvarpið. Þar sem ekki hafa verið gerðar breytingar á málinu frá því síðast þegar það var lagt fram er alfarið vísað til fyrri umsagnar til nefndarinnar sem er dagsett 7. apríl s.l. sem fylgir í ljósriti.

Virðingarfyllst

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 7. apríl 2005
Tilvísun: 2005030183
091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn: Þskj. 35 - 35 mál frumvarp til laga um breyting á skattalögum 131. löggj.þ. 2004 - 2005

Ríkislögreglustjórinn hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Umrætt breytingafrumvarp er í 3 greinum og varðar breytingu á 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu og 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, og miðar að því að milda refsingar vegna vanskila á innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda, vegna brota fyrirsvarsmanna fyrirtækja og sjálfstæðra atvinnurekenda sem reka atvinnustarfsemi í eigin ábyrgð.

Umsögn Ríkislögreglustjórans.
Ríkislögreglustjórinn leggst gegn því að umræddar breytingar verði samþykktar óbreyttar af ástæðum sem raktar eru hér á eftir:

Sjónarmið um samkeppnisstöðu og eðlilega viðskiptahætti.
Þeim aðilum sem hlotið hafa og hlotið geta refsingu samkvæmt umræddum ákvæðum er falin innheimta opinberra gjalda f.h. ríkissjóðs. Í flestum málum sem til kasta lögreglu og dómstóla koma hefur undandráttur þessara gjalda staðið svo mánuðum skiptir, oftast lengur en eitt ár. Flestir þeir sem eru dæmdir fyrir þau brot sem í hlut eiga, stunda atvinnurekstur í samkeppni við aðra aðila í sömu grein s.s rekstur veitingastaða, verktakastarfsemi, og aðra sölustarfsemi á þjónustu og vöru. Oftar en ekki tengjast brot gjaldþroti rekstrarins.

Mörg þau mál sem í hlut eiga bera með sér að reksti þessum er haldið áfram lengur en eðlilegt getur talist og honum hefði átt að ljúka og gefa starfsemina upp til gjaldþrotaskipta, löngu áður en hún í raun er tekin til gjaldþrotaskipta að kröfu lánardrottna. Með þessum hætti halda þessir aðilar úti atvinnurekstri með stuðningi frá opinberu fé sem þeir taka sér og skekkja þar með samkeppnisstöðu gagnvart öðrum sem við þá keppa um verð. Þessi staða er algeng og vel þekkt í verktakastarfsemi þar sem útboð eru algeng og aðilar í framangreindri stöðu undirbjóða aðra sem eru með skattskil og aðrar greiðslur í skilum. Með þessu valda þessir aðilar samkeppnisaðilum sínum tjóni, spilla rekstrarumhverfi á því sviði sem þeir starfa, og gera þeim erfiðara fyrir sem stunda starfsemina á löglegan hátt.

Hér er því um að ræða mjög alvarlega hegðun sem í nágrannalöndunum hefur verið lýst

refsiverð sérstaklega. Má sem dæmi um þetta nefna 283 gr. a í norsku hegningarlögunum sem leggur allt að tveggja ára fangelsi við því þegar maður heldur rekstri, sem hann stjórnar eða á, áfram eftir að honum má ljóst vera að kröfuhafar bíði tjón af áframhaldandi rekstri. Slíkt ákvæði hefur ekki verið sett í íslensk lög en ákvæði framangreindra skattalaga er eina aðhaldið sem rekstraraðilum er sett í þessu efni og nýtist án efa öðrum kröfuhöfum vegna varnaðaráhrifa frá þessum refsiákvæðum.

Af framangreindum ástæðum er lagt til að heimildin til að fara niður úr bundna refslágmarkinu verði bundin við þau tilfelli þegar vanskil hafa staðið í stuttan tíma, helst ekki yfir hálft ár. Í tillögu Ríkislögreglustjórans er lagt til að orðalag ákvæðisins verði "*og brotin hafa staðið yfir um mjög skamman tíma* ". Þykir rétt að leggja áherslu á að eftir sem áður hvíli skylda á sakborningi að gefa starfsemi sína upp til gjaldþrotaskipta í tíma, en þeim verði ekki refsað með tvöfaldri sekt vegna brota sem framin eru skömmu fyrir gjaldþrotið. Það er svo undir dómstólum komið að meta í hverju tilfelli hvað teljist mjög skammur tími, en líklegt er að sá tími fari ekki yfir hálft ár.

Réttarþróun skattamála.
Umræðan um sektir í skattamálum hefur verið á þá lund á síðustu árum að sektir séu óeðlilega íþyngjandi og ósanngjarnar í einhverjum tilfellum vegna þess að ákvæðin binda refsilágmarkið við tvöfalt það sem undan er dregið. Á síðustu árum hafa verið gerðar breytingar í dómaframkvæmd og á lögum um samfélagsþjónustu sem kemur mjög til móts við þá sem ekki hafa fjárhagslega getu til að greiða háar sektir.

Með Hæstaréttardómi frá 18. febrúar 1999 mál nr. 327/1998 var sett fordæmi um að vararefsing vegna sekta í skattamálum skyldi miðast við þá refsingu sem gerð var fyrir breytingar á framangreindum ákvæðum 1995. Sektir voru í tíð eldri laga ákveðnar í vanskilamálum u.þ.b. helmingur af því sem undan er dregið og þýðir þetta því að vararefsingar eru í raun einungis 1/4 af því sem þær eru vegna sekta fyrir önnur refsilagabrot þar sem samræmis gætti áður.

Þar að auki hefur lögum um samfélagsþjónustu verið breytt á þann veg að dæmdur maður getur tekið alla vararefsinguna, sem aldrei fer yfir eitt ár, út í formi samfélagsþjónustu. Samfélagsþjónusta er mjög mild leið fyrir dæmdan mann til að vinna af sér sektir. Jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta einum mánuði í fangelsi, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 48, 1988, um fangelsi og fangavist. Þetta þýðir að full vararefsing eitt ár verður afplánuð með 12 sinnum 40 klst. vinnu í þágu einhvers góðs málefnis.

Þegar framangreint er vegið saman verður niðurstaðan svo dæmi sé tekið, þegar ekki hefur verið staðið skil á gjöldum að fjárhæð 14 milljónir króna, hlýtur viðkomandi sekt að fjárhæð 28 milljónir, en vararefsingu sem miðast við 7 milljón krónur, fangelsi í eitt ár. Þessa 28 milljóna króna sekt og allar sektarfjárhæðir þar yfir getur viðkomandi, uppfylli hann skilyrði þess, unnið af sér með samfélagsþjónustu í 12 sinnum 40 klst. Til samanburðar má nefna að margir eiga 6 vikna sumarleyfi sem nægir til að vinna af sér helming vararefsingarinnar.

Með lögum nr. 42, 1995, var sett inn bundið refsilágmark í framangreind ákvæði þannig að sekt skyldi ákveðin tvöfalt til tífalt það sem undan var dregið í stað allt að tíföldu. Tilgangur þessara breytinga var að herða viðurlög við skattalagabrotum. Á þeim tíma var ekki heimilt að afplána vararefsingu með samfélagsþjónustu heldur þurftu dæmdir menn að sitja í fangelsi allan tíma vararefsingar, gætu þeir ekki greitt og nutu eftir því sem best verður séð ekki

reynslulausnar af þeim tíma eins og gildir um aðrar fangelsisrefsingar. Sakborningurinn í dæminu hér að ofan hefði í tíð eldri laga samkvæmt þessu hlotið 7 milljón króna sekt og eitt ár í vararefsingu sem hann hefði þurft að sitja af sér. Raunveruleg refsing fyrir mann sem ekki gat greitt sektina, sem óneitanlega á við um flesta sakborninga, fór úr því að vera eitt ár í fangelsi í samfélagsþjónustu 12 sinnum 40 klst. Af þessu má sjá að í raun koma refsingarnar fyrir þessi brot vægar niður á þeim sakborningum sem ekki eru borgunarmenn sektanna núna en fyrir lagabreytinguna.

Reynsla af varnaðaráhrifum ákvæðanna.
Ríkislögreglustjórinn telur að hinar háu sektir sem nú eru dæmdar í málum sem þessum hafi mjög mikil varnaðaráhrif. Þeir sem ábyrgð bera á rekstri sem er í vanda bregðast við fyrr en ella, til að gefa reksturinn upp til gjaldþrotaskipta. Þessu fylgir að aðrir sem hafa hagsmuna að gæta njóta áhrifa þessara ákvæða. Má sem dæmi nefna lífeyrissjóði vegna lífeyrisiðgjalda sem dregin eru af launþegum, stéttarfélög vegna stéttarfélagsiðgjalda auk annarra kröfuhafa. Fram hjá því verður ekki litið að nokkur hluti þeirra sem í hlut eiga hafa tekið þátt í s.k. kennitöluskiptum og rekið starfsemi sína í þrot oftar en einu sinni en skipt um kennitölur og rekstrarform til að geta leikið sama leik aftur. Oft nota þessir aðilar leppa sem koma fram sem framkvæmdastjórar. Þungar refsingar hafa áhrif til að gera þessum aðilum erfiðara um vik. Þess vegna er lagt til að undantekningin verði höfð þrengri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Greiðslur eftir gjalddaga.
Nokkuð er um að sakborningar hafa greitt vangreidd gjöld en eftir lögboðinn gjalddaga. Brot eru fullframin með því einu að gjöldum er ekki skilað á gjalddaga/eindaga. Slík mál hafa komið til kasta Hæstaréttar sem hefur talið að beita megi í algerum undantekningartilfellum 8. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, til að færa sekt niður úr hinu bundna refsilágmarki. Má um þetta nefna dóma Hæstaréttar frá 22. júní 2002, mál nr. 49/2000 og 2. október 2003, mál nr. 27/2003. Í fyrra málinu vísaði Hæstiréttur til þess að um væri að ræða þrönga undantekningarreglu sem tæki mið af því að brot fælust eingöngu í vanskilum en ekki vanrækslu á skilum skýrslna eða rangfærslum, og framkvæmdastjórinn hafi tekið persónulega lán til að greiða gjöldin fyrir einkahlutafélagið.

Verður að telja óheppilegt að sakborningur njóti ekki viljans til að bæta fyrir brot sitt, með því að greiða gjöldin eftir gjalddaga, enda getur slíkt leitt til þess að viðkomandi telji peningunum betur varið til annars en greiðslu gjaldanna þar sem hann muni eftir sem áður þola sömu refsingu. Getur þetta leitt til tjóns fyrir ríkissjóð. Ríkislögreglustjórinn leggur því til að heimilt verði að draga frá lágmarkssektinni greiðsluna á gjöldunum þannig að hún verði í þeim tilfellum eingöngu einföld sú fjárhæð sem undan er dregin en ekki tvöföld. Það er svo komið undir dómstólum að meta hvort beita eigi 8. tölulið 1. mgr. 74. gr. hgl. til að fara niður úr hinni einföldu sekt þegar svo háttar til sem í dómnum sem nefndur er hér að framan.

Um skil skýrslna/skilagreina á lögboðnum tíma.
Rétt er að árétta að það er refsivert að skila ekki virðisaukaskattsskýrslu eða skilagrein staðgreiðslu á lögboðnum tíma. Um þetta má sjá dóm Hæstaréttar frá 25. mars 1999 mál nr. 467/1998 þar sem framkvæmdastjóri var dæmdur til greiðslu kr. 100.000 í sekt vegna einnar virðisaukaskattsskýrslu sem ekki var skilað á lögboðnum tíma.

Í tillögum Ríkislögreglustjórans að orðalagi ákvæðanna er lagt til að lögð verði áhersla á að lækkun sektarfjárhæða verði eingöngu heimil ef brotin eru vegna slæmrar stöðu rekstraraðila en ekki í þeim tilfellum þegar óreiða er ástæða vanskila. Óreiða lýsir sér oft í því að skýrslum

er ekki skilað sem takmarkar mjög getu skattayfirvalda til að hafa yfirsýn yfir skuldastöðu og bregðast við t.d. með lokunum starfsemi vegna vanskila. Einnig má benda á orðalag í Hæstréttardómi þeim sem nefndur er hér að framan þar sem rétturinn tiltók sem rökstuðning að brot fælust eingöngu í vanskilum en ekki í vanrækslu á skilum skýrslna. Ef ekki er getið um þetta atriði í ákvæðinu er hætta á að erfitt geti verið að fastsetja hvenær eftir gjalddaga sakborningur getur síðast skilað skýrslu og notið lækkunarheimildar á sektarfjárhæðinni. Er t.d. nægjanlegt að koma skattskilunum í lag eftir að rannsókn lögreglu er hafin?

Tillögur Ríkislögreglustjórans.

Með vísan til framangreinds er lagt til að ákvæði 1. og 2. gr. frumvarpsins verði orðuð sem hér segir.

1. gr.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að ekki hefur verið skilað staðgreiðslu samkvæmt réttri skilagrein staðgreiðslu, sem skilað hefur verið á lögboðnum tíma, og brotin hafa staðið yfir um mjög skamman tíma, má færa sekt niður úr lágmarki þessarar greinar. Hafi vangreidd staðgreiðsla verið greidd eftir gjalddaga má lækka sekt vegna þeirra vanskila allt niður í sömu fjárhæð og undan var dregin, og skal fésektarlágmarki þessa ákvæðis eingöngu beitt varðandi þann hluta skattfjárhæðarinnar sem eftir stendur í vanskilum.

2. gr.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Við 1. mgr. 40. gr. laganna bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að ekki hefur verið skilað virðisaukaskatti samkvæmt réttri virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað hefur verið á lögboðnum tíma, og brotin hafa staðið yfir um mjög skamman tíma, má færa sekt niður úr lágmarki þessarar greinar. Hafi vangreiddur virðisaukaskattur verið greiddur eftir gjalddaga má lækka sekt vegna þeirra vanskila allt niður i sömu fjárhæð og undan var dregin, og skal fésektarlágmarki þessa ákvæðis eingöngu beitt varðandi þann hluta skattfjárhæðarinnar sem eftir stendur í vanskilum.

Virðingarfyllst,

Helgi Magnús Gunnarsson lögl.fulltr.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/49
komudagur 16.11.2005

15. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis

Frumvarpið var lagt fram á 131. löggjafarþingi og vísa Samtök atvinnulífsins í fyrri umsögn sína um málið dags. 29.11.2004.

Kv.
Arndís

arndis@sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2004

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, vanskil á vörslufé, 35. mál.

SA fagna frumvarpi þessu og mæla með samþykkt þess. Frumvarpið er löngu tímabært og tekur á brýnu réttlætismáli. Fésektarlágmark þessara laga hefur reynst mjög óréttlátt þar sem dómstólum hefur ekki verið heimilt að taka til greina aðstæður í einstökum málum, s.s. þegar ekki er um skattsvik að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur fyrst og fremst greiðsluerfiðleika fyrirtækis.

Meðfylgjandi er umfjöllun um efnið í leiðara síðasta fréttabréfs SA, þann 4. nóvember sl.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þungar refsingar vegna skattalagabrota – breytinga þörf

Gera verður kröfu um lágmarkssamræmi milli skattalagabrota og refsiviðurlaga, segir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í leiðara fréttabréfsins Af vettvangi. Lágmarkssekt vegna virðisaukaskattsskulda er þannig tvöföld fjárhæð á gjalddaga, án tillits til aðstæðna hverju sinni. Nýlega var forsvarsmaður fyrirtækis sektaður um 121 milljón króna, þótt einungis 8,5 milljónir stæðu eftir af skattskuld. Þá segir Ragnar óviðunandi þá mismunun ríkinu í hag sem í þessu felst gagnvart öðrum kröfuhöfum.

Tólf þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt. Lagt er til að dómstólar fái aukið svigrúm til að dæma lægri sektir við skattalagabrotum þegar ljóst er að einungis er um vanskil að ræða en ekki sviksamlegt athæfi.

Tímabær umræða

Umræða þessi er löngu tímabær að mati Samtaka atvinnulífsins. Ótrúlega þungir dómar hafa fallið á hendur einstaklingum vegna skattalagabrota fyrirtækja sem lent hafa í vanskilum með virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda. Forsvarsmenn fyrirtækja, iðulega framkvæmdastjórar, hafa verið ákærðir og þeim gert að greiða himinháar sektir en sæta fangelsi ella. Að mati Samtaka atvinnulífsins hefur löggjafinn gengið of langt með því að ákvarða lágmarksrefsingu í lögum og útiloka jafnframt að dómstólar geti tekið tillit til aðstæðna í einstökum málum.

Háar sektir

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt skal sá sem afhendir ekki virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt á réttum tíma greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða **og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð**. Sambærileg ákvæði um lágmarksrefsingu er að finna í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og um tekjuskatt og eignarskatt. Stórfelld brot varða einnig við almenn hegningarlög.

Oft getur verið um háar fjárhæðir að ræða. Í nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var forsvarsmaður fyrirtækis dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 121 milljón króna. Var þar um að ræða lágmarkssekt samkvæmt lögum. Vanskil fyrirtækisins á gjalddaga námu 60,5 milljónum króna en eftir gjalddaga höfðu verið greiddar 52 milljónir af skuldinni. Eftir stóðu 8,5 milljónir en þar sem miða skal við skuld á gjalddaga var sektin ákvörðuð 121 milljón eins og áður sagði.

Lágmarkssamræmi milli brota og refsiviðurlaga

Samtök atvinnulífsins eru að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að refsa beri fyrir skattalagabrot og að viðurlög séu þess eðlis að þau hafi tilætluð varnaðaráhrif. Þó verður að gera þá kröfu að eitthvað lágmarkssamræmi sé í refsiviðurlögum. Mun þyngri dómar falla vegna skattalagabrota en annarra brota og telja verður að 121 milljón króna sekt vegna 8,5 milljóna króna skuldar við ríkissjóð sé nokkuð yfir því sem eðlilegt má telja í réttarríki.

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

Hafa verður í huga að þeir einstaklingar sem dæmdir eru vegna skattalagabrota eru í mörgum tilvikum heiðarlegt og grandvart fólk í forsvari fyrir fyrirtæki sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum. Þekkt er að þegar fyrirtæki lenda í rekstrarerfiðleikum fresta fyrirsvarsmenn að greiða birgjum og innheimtumanni ríkissjóðs. Laun þarf hins vegar að greiða því ella stöðvast reksturinn. Mörgum fyrirtækjum hefur tekist að komast yfir slíka erfiðleika og með því hefur störfum verið bjargað. Skuldir hafa verið greiddar og engar ákærur gefnar út. Enginn lítur á þessa fyrirsvarsmenn sem glæpamenn heldur oft á tíðum sem einstaklega hæfa stjórnendur sem náðu að rétta fyrirtæki við og koma í veg fyrir mikið tjón viðskipamanna og annarra kröfuhafa svo ekki sé minnst á starfsfólk og byggðalögin. Ef það markmið næst ekki þá eru þeir afbrotamenn og skulu gjalda fyrir með eignamissi og jafnvel frelsissviptingu.

Bannað að líta til sérstakra aðstæðna

Sá galli er á skattalögunum að þau banna dómurum að líta til sérstakra aðstæðna til sektarlækkunar ólíkt því sem almennt gildir samkvæmt almennum hegningarlögum. Ekki er heimilt að líta til þátta eins og fjárhags einstaklingsins, hvort hann hafi hagnast persónulega á vanskilum skatta, hafi sjálfur lagt eigur sínar í reksturinn og tapaði fjármunum, skilað skilagreinum með réttum fjárhæðum og upplýst þannig skattayfirvöld um skuldir, jafnvel greitt skattskuldina síðar að fullu eða verulegan hluta hennar. Þessir þættir hafa einungis áhrif á ákvörðun refsingar samkvæmt hegningarlögum en við ákvörðun sekta er ekki heimilt að fara niður fyrir tvöfalda skattfjárhæð.

Innleiðing lágmarkssekta árið 1995 hafði í för með sér fjórföldun sektarfjárhæða því fyrir gildistöku laganna hafði sú dómvenja myndast að sektir næmu hálfri fjárhæð vanskilanna. Dómstólar hafa allt frá setningu laganna gefið löggjafanum til kynna að þeim finnist þessar refsingar of þungar. Þrátt fyrir að einstaklingur eigi engar málsbætur, hafi reynt að leyna brotinu og jafnvel hagnast persónulega þá er dæmd lágmarkssekt. Þegar dómstólar dæma lágmarkssekt í alvarlegum málum þá verður að draga þá ályktun að þeir hefðu viljað fella vægari dóma þegar málsbætur eru.

Mismunun kröfuhafa

Þegar fyrirtæki lendir í greiðsluerfiðleikum myndast gríðarlegur þrýstingur á fyrirsvarsmenn að greiða skuldir við ríkissjóð. Greiddar eru virðisaukaskattsskuldir og staðgreiðsla opinberra gjalda áður en fyrirtæki er tekið til gjaldþrotaskipta. Forsvarsmenn mega ganga út frá því að nái þeir að greiða skuldina upp að fullu þá verði ekki ákært fyrir skattalagabrot. Eftir sitja hins vegar aðrir kröfuhafar og tjón þeirra verður meira en ella. Þessi sérstaða ríkisins sem kröfuhafa fyrirtækja sem leiðir af sérstakri vernd sem kröfur þess njóta í formi óvanalega strangra refsiviðurlaga samkvæmt skattalögum er óviðunandi.

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/01
komudagur 17.11.2005

16. nóvember 2005
SÍ-25815

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 7. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 18. mál, vanskil á vörslufé.

Fyrir ári veitti Seðlabanki Íslands umsögn um frumvarp sama efnis og hefur engu við hana að bæta nú. Umsögnin frá i fyrra er hjálögð.

Virðingafyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/32
komudagur 14.11.2005

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI RÍKISINS

TILVÍSUN
SEÞ/eeg/05/2718

DAGSETNING
08.11.2005

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Þskj. 18 - 18. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum, 18. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

I. Skilgreining

Í frumvarpinu eru lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum verði afnumin. Um er að ræða brotastarfsemi þar sem um vanskil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti er að ræða.

Af greinargerð með frumvarpinu má ráða að átt er við þá tegund mála sem eru svokölluð vanskilamál. Snúast þau um að rekstraraðili, hvort heldur í einstaklingsrekstri eða sem fyrirsvarsmaður lögaðila, hefur ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem hann hefur þegar innheimt af viðskiptamönnum sínum og/eða fé sem hann hefur haldið eftir af launagreiðslum til launamanna í rekstrinum til staðgreiðslu opinberra gjalda þeirra.

II. Sögulegur aðdragandi vanskilamála

Rétt þykir samhengisins vegna að reifa nokkuð sögulegan aðdraganda þessa málaflokks. Áður en innheimta staðgreiðslu opinberra gjalda hófst á árinu 1988 og síðar virðisaukaskatts árið 1990 voru vanskil svokallaðs vörslufjár ekki teljandi

Borgartúni 7, 150 Reykjavík, kennitala: 410293-2189
sími: 550 8800, bréfsími: 550 8850, grænt númer: 800 5088
netfang: skattrannsoknarstjori@skattur.is, veffang: http://www.skattrann.is

vandamál. Við áðurgreindar skattkerfisbreytingar var innheimta þessara skatta falin miklu fleiri aðilum en áður voru dæmi um og innheimtar fjárhæðir voru miklu mun hærri en áður þekktist. Var það t.a.m. býsna algengt áður en staðgreiðslan var lögfest að launþegar semdu við sinn launagreiðanda um að standa sjálfir skil á opinberum gjöldum. Með upptöku staðgreiðslu var þetta úr sögunni og margir launagreiðendur stóðu skyndilega frammi fyrir því að afhenda launþega aðeins hluta af launum en bar að standa skil á skattgreiðslunni sjálfir nokkru síðar. Hið sama átti við um virðisaukaskatt. Við þá lagabreytingu fjölgaði innheimtuaðilum virðisaukaskatts mjög mikið frá því sem verið hafði í innheimtu söluskatts og svipuð sjónarmið áttu við, í veltu viðkomandi rekstraraðila bættist fé sem þurfti að standa skil á síðar.

Núgildandi ákvæðum 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt með 2. og 3. gr. laga 42/1995, þar sem mælt var fyrir um lágmarksfésektir vegna brota á lögunum. Breytingar þessar voru liður í heilsteypu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum, svo sem mælt var fyrir um í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögunum.

Fyrir setningu lágmarksfésektarákvæðanna var staðan sú, að þrátt fyrir heimildir dómara í refsiákvæðum skattalaga til að dæma brotlega til sektargreiðslna sem næmu allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á, en án lágmarksfésektar, líkt og nú er, hafði myndast vísir að dómvenju sem var efnislega á þá leið að ákvarða fésektarrefsingu u.þ.b. 0,5 af undandreginni eða vangoldinni skattfjárhæð. Það þýddi að ef fyrirsvarsmaður lögaðila skaut t.d. kr. 1.000.000 undan skattgreiðslu, sem hann jafnvel ráðstafaði í eigin þágu, mátti hann vænta kr. 500.000 í sektargreiðslu vegna brotsins, kæmi til refsiákvörðunar vegna þess. Með setningu laga nr. 42/1995, var áðurgreindur vísir að dómvenju rofin. Greip löggjafarvaldið þannig inn í sérkennilega atburðarás sem fór að myndast upp úr 1990. Það eru þau ákvæði sem eru efnislegt innihald frumvarps þess sem hér meðfylgjandi umsögn fylgir.

III. Refsinæm háttsemi

Óumdeilt er að það eru refsiverð brot þegar innheimtur er virðisaukaskattur eða staðgreiðslu opinberra gjalda haldið eftir án þess að staðið sé skil á þeim fjármunum til ríkissjóðs. Breytir þá engu þótt viðkomandi aðilar tilgreini afdreginn skatt á skilagreinum virðisaukaskatts og staðgreiðslu.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hóf á árinu 1994 rannsóknir á vanskilum vörslufjár sem reglubundið verkefni í því skyni að sporna við brotastarfsemi af þessu tagi. Vanskil á innheimtufé virðisaukaskatts og vörslufé staðgreiðslu hefur verið vaxandi vandamál síðustu ár.

Vanskil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti er hluti af vandamáli sem Samtök iðnaðarins og fleiri hafa skorið upp herrör gegn og kallað hefur verið „kennitöluhopp". Í því felst að gjaldskyldur aðili stendur ekki skil á virðisaukaskatti/staðgreiðslu og greiðir ekki kröfuhöfum skuldir sínar en lætur

Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreinds virðisaukaskatts samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum."

Það frumvarp sem nú er lagt fram er samhljóða síðastnefndum breytingartillögum en málið varð ekki útrætt á síðastliðnu þingi.

V. Athugasemd við orðalag í frumvarpinu

Orðalag þeirra breytingartillagna sem lagðar hafa verið fram hefur verið nokkuð mismunandi, sbr. það sem rakið hefur verið undir kafla IV en hefur hingað til einvörðungu tekið til vanskilamála. Athugun á lögskýringargögnum, greinargerðum með frumvörpunum, nefndarálita meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og annarra lögskýringargagna svo sem framsöguræðu með frumvarpinu má sjá að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá texta upphaflega frumvarpsins, varða einkum það atriði að falla frá refsilágmarki gildandi laga að því er vanskil staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt varðar, að því leyti sem vanskilin hafa þegar verið greidd upp. Þá lúta breytingarnar að því að gera ekki að skilyrði að standa þurfi skil á skilagreinum eða skýrslum á lögboðnum gjalddaga til að unnt sé að beita undantekningarákvæðinu.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir er ekki gert að skilyrði að standa þurfi skil á skilagrein staðgreiðslu opinberra gjalda eða virðisaukaskattsskýrslu á lögboðnum gjalddaga. Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við það enda slíkt raunar í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkuð hefur verið hjá embættinu að hlutast ekki til um refsimeðferð ef staðið sé skil á afdregnum vörslusköttum til ríkissjóðs – þótt seint sé.

Þá er veigamikil breyting í frumvarpinu frá fyrri frumvörpum. Í frumvarpstextanum eins og hann liggur nú fyrir **er ekki tekið fram til hvaða brotaflokks frumvarpið nær**. Þannig kemur hvergi fram í frumvarpstextanum að niðurfelling lágmarksfésektar skuli einvörðungu eiga við um vanskilamál þótt, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, megi færa að því rök að það hafi verið ætlunin sé horft til lögskýringargagna. Eins og texti frumvarpsins liggur nú fyrir væri unnt að fella þar undir háttsemi sem fólgin væri í öllu alvarlegri brotum en þeim að standa ekki skil á afdreginni staðgreiðslu og innheimtum virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Í dæmaskyni má þar nefna skattaðila sem staðið hefur skil á efnislegra rangri virðisaukaskattsskýrslu þar sem hann hefur dulið og haldið utan skila hluta skattskyldrar veltu og virðisaukaskatts af starfsemi sinni. Myndi skattaðilinn síðar standa skil á nýrri og leiðréttri virðisaukaskattsskýrslu til skattyfirvalda, t. a. m. undir rannsókn málsins og jafnframt greiða ríkissjóði þann virðisauka sem skýrslan ber með sér, væri samkvæmt beinu orðalagi frumvarpsins ekki annað að sjá en að slík háttsemi myndi falla þar undir, sem hlýtur að vera langt frá vilja og ætlun löggjafans.

viðkomandi atvinnurekstur ganga í þrotameðferð en heldur síðan rekstrinum áfram undir sama auðkenni en nýrri kennitölu. Háttsemi þessi er í fyrsta lagi mikill brestur í almennu siðferði, í öðru lagi í skýrri andstöðu við skýr lagaákvæði og í þriðja lagi grefur þetta undan tiltrú manna á jafnræði aðila. Mikilvægt er að þeir sem brjóta reglurnar og standi ekki skil á lögboðnum gjöldum að ekki sé talað um þá skatta sem þeir halda eftir af skattgreiðslum annarra, hljóti viðeigandi meðferð.

Það er mat skattrannsóknarstjóra ríkisins að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 42/1995, um lögfestingu lágmarksfésekta vegna brota á tilteknum skattalögum, hafi haft töluverð varnaðaráhrif. Þannig hefur m.a. færst í vöxt undanfarin ár að skattaðilar sem eru í vanskilum með vörslu- og/eða innheimtufé; staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, greiða upp vanskil sín við ríkissjóð þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefst handa um rannsókn á háttsemi þeirra. Er það ótvírætt að refsiákvæði laganna, einkum um lágmarksfésektir, ráði þar langmestu og er raunar skýrt dæmi um skilvirkni varnaðaráhrifa út frá refsiréttarlegum sjónarhóli.

Þau mál sem koma til rannsóknar og refsimeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, varða að jafnaði vanskil allnokkurra fjárhæða, sem staðið hafa um langan tíma og/eða vanskil fleiri rekstraraðila undir stjórn sömu einstaklinga. Minniháttar vanskil rekstraraðila, sem varað hafa um skamman tíma, sæta því að jafnaði ekki rannsókn og refsimeðferð nema um ítrekuð brot sé að ræða. Sú starfsregla hefur verið mótuð, byggð á ákvörðun ríkissaksóknara frá árinu 1994, að ekki er hlutast til um refsimeðferð ef brotamaður stendur ríkissjóði skil á þeim fjárhæðum sem um er að ræða, undir rannsókn eða meðferð málsins. Fellur þá skattrannsóknarstjóri ríkisins frá frekari aðgerðum í ljósi þess að brotamaður hefur firrt ríkissjóð tjóni. Vegna þeirrar áherslu sem lögð er á greiðsluerfiðleika rekstraraðila í frumvarpinu, þykir rétt að minna á skyldu bókhaldsskylds skuldara samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, til að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Staðreyndin er því miður sú að allt of oft gerist það að aðilar sem eru í greiðsluerfiðleikum ganga oftsinnis í fjármuni ríkissjóðs sem þeim er trúað fyrir að standa skil á, rétt eins og það sé hvert annað lánsfé.

Það er rétt að í vissum tilfellum eru refsingar þungar en það er þegar brotamenn hafa greitt vanskilin upp að fullu – eða verulegu leyti - eftir að mál er komið til meðferðar lögreglu eða dómstóla. Við önnur skilyrði svo sem þegar ekkert hefur verið greitt, er í reynd um sekt að ræða sem er jafnhá og sú fjárhæð sem ekki var staðið skil á. Dæmi: Fyrirsvarsmaður lögaðila stendur ekki skil á kr. 1.400.000 og greiðir ekki undir rekstri málsins. Refsing yrði þá kr. 2.800.000 og það yrði heildargreiðslan. Í reynd er þá refsingin kr. 1.400.000 eða jafnhá fjárhæð þeirri sem hann átti að standa skil á.

IV. Áður framkomnar breytingartillögur á afnámi sektarlágmarks í vanskilamálum

Frumvarp til breytinga á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt þess efnis að afnema fésektarlágmark núgildandi laga þegar um vanskil á innheimtu- og vörslufé er að ræða hefur áður verið lagt fram á Alþingi.

Á 130. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp þessa efnis, þskj. 1311 – 854. mál. Var orðalag breytingartillaganna svohljóðandi:

> *„Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.*
>
> *Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við."*

Málið varð ekki útrætt á því þingi og var óbreytt lagt fram á 131. löggjafarþingi, þskj. 35 -35. mál.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar þingsins lagði fram breytingartillögu þar sem orðalag tók nokkrum breytingum frá upphaflega frumvarpinu, þskj. 1189:

> *„Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu sem skilað hefur verið á lögmæltum tíma og hafi launagreiðandi staðið skil á hluta skattfjárhæðar auk vaxta og kostnaðar, skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.*
>
> *Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu sem skilað hefur verið á lögmæltum tíma og hafi skattskyldur aðili staðið skil á hluta skattfjárhæðar auk vaxta og kostnaðar, skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum."*

Með framhaldsnefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, þskj. 1409, voru fyrri breytingartillögur afturkallaðar og jafnframt lagt til að frumvarpið yrði samþykkt með eftirfarandi orðalagi:

> *„Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.*

Vegna þessa er vert að hafa í huga að ríkar kröfur eru gerðar til þess að refsiheimildir séu skýrar og ótvíræðar svo sem fram kemur í 1. mgr. 69. gr. Stjórnarskrár lýðveldins nr. 33/1944. Öll álitamál um refsiákvæði bera að skýra þröngt og því viðurkennd meginregla í lögskýringafræðum að við beitingu refsiákvæða verði að túlka ákærðum manni í hag öll vafaatriði. Ef verið er að milda refsiákvæði – eins og frumvarpið gerir ráð fyrir – hljóta dómstólar að horfa til lagatextans sjálfs sem meginheimild. Frumvarpið uppfyllir ekki það skilyrði eins og það er nú orðað.

Það er því niðurstaðan að eins og frumvarpstextinn er orðaður **sé verið að milda refsingar í ÖLLUM skattsvikamálum og vanskilamálum.** Er því brýnt að lagfæra frumvarpið að þessu leyti til að taka af allan vafa svo frumvarpið ná markmiði sínu eins og frumvarpsflytjendur stefna að.

Skattrannsóknarstjóri ríkins telur unnt að bæta úr fyrrlýstum annmarka á einfaldan hátt. Er það t.d. unnt með því að bæta aftast í 1. gr. frumvarpsins eftirfarandi málslið: „**enda hafi brot einskorðast við vanskil staðgreiðslu**" og aftast í 2. gr. frumvarpsins „**enda hafi brot einskorðast við vanskil virðisaukaskatts**". Orðalagið „**einskorðast**" vantar þannig skýrlega inn í og myndi bæta úr og færa frumvarpið í þann búning sem 1. flutningsmaður frumvarpsins hefur kynnt að sé tilefni þess.

VI. Niðurstöður

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að rétt sé að lagfæra meðfylgjandi frumvarp lítilsháttar til að skerpa á skilningi þess og **telur að þannig breytt verði frumvarpið réttarbót.**

Ef frumvarpinu verður ekki breytt kann lögskýring þess að vera annmörkum háð og sá vafi verði uppi að það eigi ekki einungis við vanskilamál heldur skattsvikamál almennt. Það var ekki tilgangur frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson Bryndís Kristjánsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/48
komudagur 16.11.2005

From: Sigurður Jónsson [sigurdur@svth.is]
Sent: 15. nóvember 2005 16:48
To: Kristjana Benediktsdóttir
Subject: Umsögn um frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 18.mál, vanskil á vörslufé

Vísað er til meðfylgjandi umsagnar samtakanna um sama mál á 131.þingi.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími:511 3000, fax:511 3001,farsími:822 1201
Netfang: sigurdur@svth.is
Vefsíða: www.svth.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

30.nóv. 2004

Efni: **Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 35.mál, vanskil á vörslufé.**

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu fagna þessu frumvarpi sem felur í sér leiðréttingu í löggjöf varðandi skil opinberra gjalda þegar greiðsluerfiðleikar eða aðrar álíka aðstæður leiða til vanskila án þess að skilagreinar skorti eða um ásetning um vanskil er að ræða. Samtökin mæla með samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/280
komudagur 30.11.2005

talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 28.11.2005
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 18. mál, frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, vanskil á vörslufé (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. nóvember sl., og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Talsmaður neytenda telur það ekki andstætt hagsmunum neytenda að takmarka lágmarksrefsingu við þau vanskil sem innheimtuaðili vörslufjár gerist í raun sekur um. Tekið skal fram að með þessu er ekki tekin afstaða til þeirra röksemda sem færðar eru fram í greinargerð með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitsgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

Stofnað 1917

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/31
komudagur 11.11.2005

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2005.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 45/1987 og l. nr. 50/1988 (18. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson

Kringlan 7 103 Reykjavík sími/tel. + 354 510 7100 • fax + 354 568 6564 • info@vi.is • www.vi.is